

Engin stjórnarandstaða

Smáfuglarnir muna ekki eftir því að áður hafi staðan verið svo í stjórnámálum hérlendis að starfandi sé vonlaus ríkisstjórn sem ráði ekki við neitt við neitt og á sama tíma sé engin stjórnarandstaða í landinu.

Ótrúlegt er að þeir sem eru samkvæmt skilgreiningu í stjórnarandstöðu noti nú ekki tækifærið og fari af fullum krafti gegn Icesavestjórninni í stað þess að sitja í aftursætinu stilltir meðan Steingrímur og Jóhanna keyra fram af björgum.

Fyrir liggur að 93% kjósenda eru alfarið á móti störfum Icesavestjórnarinnar og vilja binda enda á leiðangur vinstriflokkanna. Þarf umboð stjórnarandstöðunar að vera öllu skýrara?